



**Ávarp forseta Íslands,
Ólafs Ragnars Grímssonar,
á
50 ára afmæli Sauðárkróks
19. júlí 1997**

Kæru hátíðargestir

Þegar við komum hér saman til að fagna merkisáfangu í sögu byggðarlagsins þá er vert að hugleiða um stund hve ótrúlegar breytingar hafa orðið á hálfri öld, ekki aðeins í heimabyggð heldur og í þjóðlífinu öllu.

Vissulega hafa oft blasað við erfiðleikar sem á stundum hafa virst óyfirstíganlegir. Þungir skýjabakkar hafa beðið við ystu sjónarrönd og vetri verið heilsað með kvíða í brjósti.

Vandi landsbyggðar, jafnvel afturför, hafa verið algengara dagskrárefni en framfarir og uppbygging.

Kannski er okkur Íslendingum tamara að tala um erfiði en árangur, mikla hið neikvæða en hylja hið jákvæða í amstri daglegs lífs.

Samt er staðreyndin sú að ef frumherjar Sauðárkróks færu að litast hér um á okkar tíð, ganga til afmælishátíðar með íbúum staðarins og góðum gestum, er líklegast að þeim fyndist uppljúkast undraveröld. Slíkur er munurinn á líf skjörum og bæjarbrag um miðbik aldarinnar og nú á afmælisári. Þó er aðeins einn mannsaldur eða svo síðan Sauðárkrókur fékk kaupstaðarréttindi.

Ég hef á nýliðnum vikum vakið athygli á því að um þessar mundir hafa hátíðarhöld vísað veginn að vaxtarbæjum fyrir norðan, sunnan, austan og vestan, vaxtarbæjum sem allir hafa skarað framúr á tímaskeiði sem oft er í umræðu merkt hnignun landsbyggðar.

Afmæli Sauðárkróks, Selfoss og Egilstaða, helguð hálftrar aldar markinu, öldin heil á Höfn í Hornafirði og glæsileg hátíð íþróttu og æsku í Borgarnesi sýna okkur nauðsyn þess að skoða frekar árangur en erfiðleika.

Þegar landbúnaður á í vök að verjast og vandi landsbyggðar er viðvarandi dagskrárefni þá er vert að hugleiða vel og rækilega þá þróun, og leita í henni lærdóma, að allir þessir vaxtarbærir hafa eflst í nábýli við sveitir, sótt þangað efnivið í atvinnu og framfarir, gert

samspil landbúnaðar og þéttbýlis að auðlind og uppsprettu nýrra tækifæra.

Öll þessi byggðarlög hafa einnig notið góðs af samvinnu og samstarfi bænda og bæjarbúa. Þau hafa verið heimkynni öflugra fyrirtækja sem starfað hafa í anda hugsjóna, samvinnu og samhugar.

Samspil sjávarútvegs og landbúnaðar, öflugur iðnaður úr afurðum hafsins og öðrum gæðum náttúrunnar, efling menntunar og fræðslu, áhersla á menningu og listir - allt hefur það hér á Sauðárkróki orðið til að skila einstæðum árangri.

Það er samstaðan og gagnkvæmur stuðningur ólíkra greina sem hér hafa mótað öflugra byggð, fært nýjum kynslóðum traustan heimamund.

Við gleymum oft að gá að því frá einni önn til annarrar hve vel hefur verið staðið að framförum og nýjum bæjarbrag.

Horfum augnablik fáeina áratugi aftur í tímann og berum þá sýn saman við það sem nú ber fyrir augu hér á Sauðárkróki:

Glæsileg byggð rúmgóðra íbúðarhúsa, ný hverfi sem búa að jarðhita og gnótt orku, breiðar götur og garðar um bæinn allan.

Menntastofnanir í nýjum stórhýsum veita ungu fólku aðstöðu sem er betri en þekktist í höfuðborgum álfunnar á æskuárum foreldranna.

Öflug fyrirtæki í fiskiðnaði, verslun, þjónustu og framleiðslu renna traustum stöðum undir líf skjör og efnahag.

Sjúkrahús og heilbrigðisþjónusta sækja árlega efnivið í nýjar framfarir og árangur tækni og vísinda.

Og nú á síðustu misserum aðgangur að veraldarvefnum sem ljósleiðarinn og tölvubúnaðurinn hafa gert að sameign allrar heimsbyggðar. Með tign fjallanna, fjörðinn og Drangey í auglýsni getur nú sérhvert skagfirskt ungmenni sótt í bestu þekkingarbanka veraldar og fært fenginn heim í stofu; orðið á svipstundu þátttakandi í þróun og samræðu, þjálfun og þekkingarsköpun sem ná um heiminn allan.

Ég nefni þessa þætti hér á afmælishátíð því ég tel okkur Íslendingum mikilvægt að missa ekki sjónar á því sem vel er gert, að tapa ekki áttum í amstri hversdagsins, að sjá ekki hinn nýja skóg sem sprottið hefur upp á fáeinum áratugum, þótt einstaka fallið tré liggi í götu okkar.

Þegar við höldum til móts við nýja öld, tökum í fangið breytingar sem berast með sífelld meiri hraða, þá er mikilvægt að við Íslendingar, þjóðin öll og heimabyggðir, sækji þrótt í þann árangur sem náðst hefur, sjái sigrana sem glíman við erfliðleikana hefur skilað.

Hér á Sauðárkróki blasa við um bæinn allan margþættar sannanir um getu okkar Íslendinga til að skapa nýja veröld. Hér sést hvernig

samstaða, atorka og einbeitni heimamanna gerir byggðarlagið betra ár af ári.

Sauðárkrókur getur vissulega heilsað nýrri öld með bjartsýni og krafti. Hér er að finna sýnishorn af nýsköpun og áræðni sem geta orðið öðrum fyrirmynd um gott mannlíf og traust samfélag.

Kæru hátíðargestir. Við Guðrún Katrín óskum ykkur allra heilla í framtíðinni og þökkum hjartanlega hlýjar viðtökur. Við hlökkum til að kynnst hér síðar í dag stórvirkjum ykkar við varðveislu menningar og sögu. Opnun minjasafns Sauðárkróks á þessum tímamótum sýnir virðingu ykkar gagnvart því góða fólki sem helgaði staðnum lífsstarf sitt og hug allan. Söguhátíð í Íþróttahúsi, sýningin um konur á Króknum, Ingimundarsafnið og ótal margt annað sannar að hér eru æviskeið kynslóðanna sveipuð þökk og heiðri.

Við fögnum því einnig að geta hér á Króknum rifjað upp góð kynni af íbúum vinarbæjarins Köge sem svo glæsilega tók á móti okkur Guðrúnu Katrínu þegar við sóttum Margréti Þórhildi drottningu og Henrik prins heim á liðnum vetri. Vinátta Íslendinga og Dana, frændsemi og samfylgd þjóðanna, eru bundin traustum böndum í samstarfi slíkra vinabæja.

Við Guðrún Katrín samfögnum Sauðárkróki með þann árangur sem náðst hefur í þróun bæjarins og trúum því að komandi tíð færi ykkur öllum nýja sigra.

Til hamingju með afmælið.